AUGLÝSING

um gildistöku nýrra póstmálasamninga.

Hinn 1. janúar 1966 ganga í gildi samningarnir, sem gerðir voru og undirritaðir fyrir Íslands hönd á póstþinginu í Vín 10. júlí 1964.

Samningarnir eru þessir:

1. a) Stofnskrá alþjóðapóstsambandsins.
   b) Lokabókun stofnskrár alþjóðapóstsambandsins.
2. a) Almenn reglugerð fyrir alþjóðapóstsambandið.
   b) Lokabókun almennu reglugerðarinnar fyrir alþjóðapóstsambandið.
3. a) Alþjóðapóstsamningurinn.
   b) Lokabókun alþjóðapóstsamningsins.
   c) Starfsreglugerð alþjóðapóstsamningsins.
4. a) Samningur um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
   b) Lokabókun samnings um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
   c) Starfsreglugerð samningsins um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
5. a) Samningur um póstböggla.
   b) Lokabókun samnings um póstböggla.
   c) Starfsreglugerð samnings um póstböggla.
   d) Lokabókun starfsreglugerðar samnings um póstböggla.
6. a) Samningur um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
   b) Starfsreglugerð samnings um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
7. a) Samningur um póstkröfusendingar.
   b) Starfsreglugerð samnings um póstkröfusendingar.

Fullgildingarskjal Íslands að ofangreindum samningum var afhent svissneska utanríkisráðuneytinu 10. ágúst 1965.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. nóvember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

26. nóvember 1965. Nr. 16.

AUGLÝSING

um gildistöku Genfarsamninga frá 12. ágúst 1949 til verndar friði og til þess að draga úr skelfingum styrjalda.

Hinn 10. ágúst 1965 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent aðildar- og fullgildingarskjal Íslands að Genfarsamningnum frá 12. ágúst 1949 til verndar friði og til þess að draga úr skelfingum styrjalda.

Samningarnir eru þessir:

1. Genfarsamningur um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli.
2. Genfarsamningur um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreka sjóliða og hermanna á hafi úti.
3. Genfarsamningur um meðferð stríðsfanga.

4. Genfarsamningur um vernd hins almenna borgara á stríðstímum.

Samningarnir ganga í gildi hinn 10. febrúar 1966 eða 6 mánuðum eftir að aðildar- og fullgildingarskjal Íslands var afhent svissneska utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. nóvember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 17. 29. nóvember 1965.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samningi um afnám þrælahalds og þrælasölu.

Hinn 17. nóvember 1965 var aðildar- og fullgildingarskjal Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna frá 7. september 1956, um afnám þrælahalds, þrælasölu, stofnanir og framkvæmdir, er líkjast þrælahaldi, afhent skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

Samningurinn tók gildi 17. nóvember 1965 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. nóvember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SUPPLEMENTARY CONVENTION

on the Abolition of Slavery, the Slave Trade, and Institutions and Practices Similar to Slavery.

PREAMBLE

The States Parties to the present Convention

Considering that freedom is the birthright of every human being;

Mindful that the peoples of the United Nations reaffirmed in the Charter their faith in the dignity and worth of the human person;

Considering that the Universal Declaration of Human Rights, proclaimed by the General Assembly of the United Nations as a common standard of achievement for all peoples and all nations, states that no one shall be held in slavery or servitude and that slavery and the slave trade shall be prohibited in all their forms;

Recognizing that, since the conclusion of the Slavery Convention signed at Geneva on 25 September 1926, which was designed to secure the abolition of slavery and of the slave trade, further progress has been made towards this end;